

## Almennar Reglur

1. Félagar í björgunarsveitinni Kili skulu sýna góða hegðun í störfum undir merkjum sveitarinnar og vanvirða á engan hátt sveitina eða markmið hennar. Neysla áfengis eða ólöglegra vímuefna í starfi sveitarinnar varðar brottvísun úr sveitinni sem og stórfellt gáleysi eða vanræksla um eignir sveitarinnar. Stjórn sveitarinnar er heimilt að veita undanþágu frá áfengisbanni þegar um er að ræða félagsstarfsemi t.d. skemmtikvöld.
2. Stjórn sveitarinnar er heimilt að óska eftir sakavottorði við inntöku nýrra félaga.
3. Allir félagar á útkallslista skulu sinna kvaðningu til björgunarstarfa tafarlaust sé þess nokkur kostur. Þeim ber að hlýta boðum flokk-/hópstjóra sinna og leggja sig fram við að rækja hlutverk sitt sem best.
4. Björgunarmenn á útkallslista skulu hafa lokið við eftirfarandi námskeið á vegum björgunarskóla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar: björgunarmaður í aðgerðum, rötun, leitartækni, fyrstahjálp 1 eða sambæranlegt námskeið, tetra og fjarskipti 1.
5. Skyldunámskeið fyrir mætingu í sérhæfð útköll s.s. fjalllendi, á sjó eða inn á hálendi eru: slöngubátur 1, fjallamennska 1, ferðamennska og öryggi við sjó og vötn.
6. Félögum, sem ekki eru á útkallslista, skal gefinn kostur á að fara í F2 og F3 útköll að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og eftir aðstæðum hverju sinni. Skilyrði er að viðkomandi tæki sé fullmannað fyrir og viðkomandi félagi fari með sem aukamaður. Einnig að útkallshópurinn og formaður sveitarinnar séu samþykkið hverju sinni. Helst er horft til óveðurs- og ófærðarútkalla, slóða- og eftirleita.
7. Stjórn skal beita sér fyrir því að félagar á útkallslista sækji endurmenntun og bæti við sig gagnlegum námskeiðum.
8. Félagar skulu fara vel með húsnæði, tæki og búnað sveitarinnar. Félagar skulu ávallt vera vel búnir til björgunarstarfa.
9. Stjórnendum sveitarinnar og flokk-/hópstjórum er heimilt að vísa félögum úr útkalli og frá æfingum séu þeir ekki í líkamlegu eða andlegu ástandi til sinna verkefnum eða ekki útbúnir í samræmi við aðstæður.
10. Félagar eru ábyrgir fyrir eigið öryggi og eiga aldrei að taka óþarfa áhættu. Félögum ber aldrei skylda til að leggja sig í lífshættu.
11. Félögum ber að undirgangast þagnarskyldu.
12. Tækjum sveitarinnar stjórna ekki aðrir en þeir sem hafa réttindi til þess samkvæmt landslögum og reglum sveitar.
13. Fjölmíðlum skal vísa til formanns sveitarinnar.
14. Félagar skulu tryggja að upplýsingar á útkallsskrá séu uppfærðar og réttar s.s. símanúmer, netföng og heimilisföng.
15. Enginn getur stofnað til skulda á hendur sveitinni nema með samþykki stjórnar.

Almennar reglur samþykktar 10. Júní 2012.

\*Liður 6 samþykktur á stjórnarfundum í júní 2013.

\* Liður 2 samþykktur á stjórnarfundum í september 2016.